

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 397/1990.

**Félag íslenskra loftskeytamanna**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

**Steingrími Steinþórssyni**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

**og gagnsök**

Höfundarréttur. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1990 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur og miskabætur, að fjárhæð 960.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 1. janúar 1988 til greiðsludags, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Æviskrár loftskeytamanna í ritinu Loftskeytamenn og fjarskiptin eru lítt frábrugðnar um form og efnistöð öðrum sams konar æviskrám, sem komið hafa út héraðs undanfarin ár á vegum ýmissa stéttar- og starfsgreinafélaga. Svigrúm í texta, þegar slíkt rit er búið til prentunar, er næsta lítið, þar sem um er að ræða skráningu sams konar staðreynda um æviferil manna eftir hefðbundinni niðurröðun efnis, sem ákveðin er fyrir fram. Byggist sú skráning fyrst og fremst á upplýsingum, sem teknar eru saman af þeim, sem um er fjallað, og ritaðar af þeim inn á stöðluð eyðublöð.

Ritnefnd aðaláfrýjanda réð gagnáfrýjanda til að inna af hendi tvíþætt verk við útgáfu umrædds rits. Í fyrsta lagi var um að ræða sérstakt, afmarkað verk, „vinnslu prentsmiðjuhandrits“, samkvæmt

fyrirsögn ritnefndarinnar, og var áætlaður tími til þess 250-350 klukkustundir. Verki þessu skilaði gagnáfrýjandi, en ágreiningur er um, hvort hann hafi lokið því á fullnægjandi hátt. Í öðru lagi tókst gagnáfrýjandi á hendur prófarkalestur, en sá verkþáttur, sem annar maður vann, er ekki til álita í málinu.

Starf gagnáfrýjanda var fyrst og fremst endurskoðun á æviskrár-textum, sem þegar höfðu verið skráðir á sérstök stöðluð eyðublöð, öflun upplýsinga í tengslum við hana, þar sem á þær skorti, og lagfæringar með viðbótum og úrfellingum til samræmingar. Þá er þess að gæta, að gagnáfrýjandi vann ekki einn að þessu verki. Af fundargerðum stjórnar aðaláfrýjanda og dómskýrslum í málinu verður ráðið, að fleiri menn hafi komið þar við sögu og sumir innt af hendi verulegt starf. Voru það bæði menn innan stjórnar félagsins og utan.

Þegar framanskráð er virt, verður ekki talið, að umrætt starf gagnáfrýjanda hafi verið þess eðlis, að það fullnægði lágmarkskröfum um frumleik eða sjálfstæða efnismeðferð, til þess að það skapaði gagnáfrýjanda höfundarrétt samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir þessum málalokum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Félag íslenskra loftskéytmanna, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Steingríms Steinþórssonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### S é r a t k v æ ð i Hrafns Bragasonar og Hjartar Torfasonar

##### I.

Í héraðsdómi er skýrt frá samningi aðila frá 7. mars 1984, en samkvæmt honum tók gagnáfrýjandi að sér að vinna prentsmiðjuhand-

rit og lesa prófarkir loftskoytamannatals fyrir samtals 100.000 krónur. Átti verki hans að vera lokið 1. janúar 1985. Áður en samningurinn var gerður, hafði stjórn aðaláfrýjanda samið og sent út fyrirspurnablöð til félagsmanna og þannig safnað upplýsingum um loftskoytamenn. Einnig höfðu upplýsingar verið teknar saman um látna loftskoytamenn. Fékk gagnáfrýjandi þessi frumgögn í hendur fyrri hluta árs 1984 röðuð í stafrófsröð. Í formála að ritinu, Loftskoytamenn og fjarskipti, sem út kom 1987, sagði Ólafur K. Björnsson, er varð ritstjóri bókarinnar, meðal annars:

„Á aðalfundi 30. mars 1985 gerði ég grein fyrir stöðu mála, að þá lægju fyrir upplýsingar um 660 loftskoytamenn og að stefnt yrði að því að gefa Loftskoytamannatalið út á árinu. Handrit Steingríms lá nú fyrir, og þótt mikil vinna hefði verið í það lögð, var ritnefndinni ljóst, að unnt myndi að bæta um betur og afla nánari upplýsinga, bæði úr ættfræðiritum og með viðtölum. Sú viðleitni bar nokkurn árangur.“

Gagnáfrýjandi las engar prófarkir að bókinni, og samkvæmt samningi frá 4. júlí 1987, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt, tók Torfi Jónsson að sér „að lesa fyrstu til þriðju próförk af Loftskoytamannatali og sögu fjarskiptanna“.

Gagnáfrýjandi fékk greiddar 60.000 krónur fyrir sinn þátt, og verður málf lutningur hans ekki skilinn öðruvísi en svo, að hann geri ekki frekari fjárkröfur vegna samningsins frá 7. mars 1984.

Kröfur sínar byggir gagnáfrýjandi aftur á móti á því, að hann sé höfundur að verkinu samkvæmt 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972, og hafi samkvæmt 3. gr. sömu laga, „einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum“. Fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda hafi sem útgefendum borið að gera við sig útgáfusamning samkvæmt 33. gr. höfundalaga. Þetta hafi þeir ekki gert og hafi þeim því verið óheimilt að gefa verkið út, og beri þeim að bæta honum það. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup sé honum heimilt að ákveða sér hæfilegt endurgjald fyrir afnotin af hugverki sínu. Reiknar hann sér 10% af útsöluverði útgefinna bóka, sem hafi verið 5.500 krónur fyrir hverja bók, en upplag ritsins hafi verið 1200 eintök. Samtals áskilur hann sér 660.000 krónur fyrir afnotin.

Gagnáfrýjandi byggir kröfur sínar auk þess á því, að ritnefnd aðaláfrýjanda hafi borið samkvæmt 4. gr. höfundalaga að geta sín sem höfundar að verkinu. Þetta hafi þeir ekki gert, og beri þeim því samkvæmt 2. mgr. 56. gr. sömu laga, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 78/1984, að greiða sér miskabætur, sem hann telur hæfilegar 300.000 krónur.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því mótmælt, að gagnáfrýjandi eigi höfundarrétt að ritinu, Loftskiptamenn og fjarskiptin. Samningurinn frá 7. mars 1984 sé samningur um ákveðið verk, og hafi gagnáfrýjandi fengið að fullu greitt fyrir verk sitt.

## II.

Þegar litið er til þess, sem segir um framlag gagnáfrýjanda í formála að bókinni Loftskiptamenn og fjarskiptin, verður við það að miða, að gagnáfrýjandi hafi skilað prentsmiðjuhandriti að þeim hluta bókarinnar, sem varðar loftskiptamannatalið sjálft. Þótt einhverjar breytingar hafi verið gerðar á handriti hans, breytir það ekki þessari niðurstöðu. Gagnáfrýjandi var að því spurður í héraðsdómi af lögmanni aðaláfrýjanda, hvaða hugverk hann teldi sig hafa unnið í sambandi við þetta verk. Svar hans var eftirfarandi: „Það sem ég held að liggi fyrst og fremst þarna, það er það að skipa þessu niður, flokka niður upplýsingarnar, vinsa úr því sem ég taldi ekki koma svona riti við, þ.e.a.s. að koma heildarskipulagi og samfelldum stíl á ritið. . . “. Hann kvaðst og sjálfur hafa aflað nokkurra upplýsinga. Ágreiningur er ekki með aðilum, að til þessa hafi hann verið ráðinn. Aðaláfrýjandi er útgefandi þessa bókmenntaverks, og svo sem að framan er rakið, höfðu stjórnarmenn félagsins safnað frumgögnum og þá var sérstök ritnefnd starfandi. Gagnáfrýjandi var ráðinn til að búa þessar upplýsingar til útgáfu, og hefur fengið greitt fyrir það verk. Er ósannað, að hann hafi mátt búast við frekari greiðslu fyrir verkið og að gerður yrði við hann sérstakur útgáfusamningur samkvæmt 33. gr. höfundalaga, þótt hann yrði talinn meðhöfundur að verkinu. Eftir stendur þá, hvort verk gagnáfrýjanda var þess eðlis, að fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda hafi verið skylt að geta hans sem meðhöfundar eða meðritstjóra að verkinu samkvæmt 4. gr. höfundalaga.

Ritverk eins og Loftskiptamenn og fjarskiptin geta verið til þess

fallin að njóta verndar höfundalaga nr. 73/1972. Sá, sem aðhæfir upplýsingar og ákveður þar á meðal form og framsetningu þeirra, svo að þær verði hæfar til útgáfu slíks tals, getur með hliðsjón af 5. gr. höfundalaga öðlast höfundarrétt að þeirri aðlögun verksins. Verður að fallast á það með héraðsdómara, að framlag gagnáfrýjanda hafi verið sjálfstætt frumsamið verk í þessum skilningi, og hefði því átt að geta hans sem meðhöfundar. Þar sem það var ekki gert, eigi hann rétt á bótum samkvæmt 2. mgr. 56. gr. höfundalaga, sem þykja hæfilega metnar í héraðsdómi, 50.000 krónur. Rétt þykir, að dráttarvextir dæmist frá uppkvaðningu héraðsdóms til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var 17. september 1990, höfðaði Steingrímur Steinþórsson sagnfræðingur, Garðavegi 18, Hvammstanga, kt. 150151-5339, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Félagi íslenskra loftskeytamanna, Borgartúni 18, Reykjavík, kt. 530169-6859, með þingfestingu málsins 19. september 1989.

Dómkröfur stefnanda eru samkvæmt endanlegri kröfugerð hans, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur og miskabætur, samtals að fjárhæð kr. 960.000,00, með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

#### *Málavextir, málsástæður og lagarök.*

Aðdragandi máls þessa er sá, að þann 7. mars 1984 gerðu málsaðilar samning um að stefnandi, sem þá starfaði hjá bókaforlaginu Sögusteini, ynni fyrir stefnda prentsmiðjuhandrit og læsi yfir prófarkir að loftskeytamannatali sem fyrirhugað var að gefa út. Samningurinn var gerður með undirritun stefnda á tilboð frá stefnanda sem hljóðaði samtals upp á kr. 60.000, er skyldi greiða fyrir vinnslu prentsmiðjuhandrits, og kr. 40.000 fyrir prófarkalestur, en yrði samin nafnaskrá, skyldi semja sérstaklega um það. Jafnframt var tekið fram í samningnum að verkinu ætti að ljúka fyrir 1. janúar 1985 og skyldi það greitt með eftirfarandi hætti: 1. maí 1984 kr. 20.000, 1. júlí s.á. kr. 20.000, 1. september s.á. kr. 20.000 og 1. janúar 1985 kr. 40.000. Þó skyldi heildaruppgjör eiga sér stað eigi síðar en einum mánuði eftir að

verkinu lyki, færi svo að því lyki fyrir tilsettan tíma. Samningurinn var undirritaður af stefnanda og fyrir hönd stefnda undirrituðu Ólafur K. Björnsson, Bogi V. Þórðarson og Kristján Jónsson.

Þegar þessi samningur var gerður hafði stjórn stefnda safnað upplýsingum um æviágrip loftskeytamanna, meðal annars höfðu verið send út fyrirspurnablöð til þeirra, og upplýsinga um látna loftskeytamenn hafði einnig verið aflað. Nöfnum þeirra manna, sem áttu að birtast í loftskeytamannatalinu, hafði verið raðað í stafrófsröð, og þessi frumgögn fékk stefnandi í hendur fyrri hluta árs 1984. Aðilum ber ekki saman um hvenær stefnandi skilaði síðan umsömdu prentsmiðjuhandriti, og einnig er ágreiningur um ástæður fyrir því að stefnandi lauk ekki þeim hluta verksins að lesa prófarkir, en öðrum manni var falinn prófarkalesturinn. Stefnandi hafði þá fengið greiddar þrjár fyrstu greiðslurnar samkvæmt samningi, kr. 60.000.

Ritið Loftskeytamenn og fjarskiptin kom síðan út árið 1987. Það er 479 blaðsíður að lengd, þar af er u.þ.b. helmingur áðurnefnt loftskeytamannatal, en hinn helmingurinn ber heitið Fjarskipti og er samantekt Ólafs K. Björnssonar um sögu fjarskipta hér á landi. Ólafur K. Björnsson er skráður ritstjóri á titilblaði bókarinnar. Í formálanum, sem Ólafur ritar, er lýst aðdraganda að útgáfu ritsins og jafnframt getið þeirra manna sem á einn eða annan hátt komu nálægt henni. Um þátt stefnanda segir svo:

„Þann 7. mars 1984 var gerður samningur við Steingrím Steinþórsson, þáverandi starfsmann „Sögusteins“, um að vinna aðsend gögn í prentsmiðjuhandrit. Verkinu átti, samkvæmt samningi, að vera lokið 1. jan. 1985. Af ófyrirsjáanlegum ástæðum tafðist það nokkuð, m.a. vegna þess hve svör margra reyndust ófullnægjandi, og þá sérstaklega hvað varðaði fæðingar- og dánardaga foreldra. Þá hafði og oft gleymst að láta mynd fylgja svari. – Ritnefndin vann áfram að upplýsingaöflun, svo og að öðru er að gagni mætti koma.

Á aðalfundi 30. mars 1985 gerði ég grein fyrir stöðu mála, að þá lægju fyrir upplýsingar um 660 loftskeytamenn og að stefnt yrði að því að gefa Loftskeytamannatalið út á árinu. Handrit Steingríms lá nú fyrir, og þótt mikil vinna hefði verið í það lögð var ritnefndinni ljóst, að unnt myndi að bæta um betur og afla nánari upplýsinga bæði úr ættfræðiritum og með viðtölum. Sú viðleitni bar nokkurn árangur.“

Stefnandi segir, að eftir að hann skilaði af sér prentsmiðjuhandriti hafi hann flutt út á land og ekkert heyrt frá ritnefndinni fyrr en haustið 1986, þegar hún bað hann um að senda sér gögn sem hann hafði undir höndum og tengdust vinnu hans. Síðan hafi hann ekkert heyrt frá henni en í desember 1988 hafi hann, sér til mikillar furðu, séð að rit það, sem hann áleit sig

höfund að, var komið í bókaverslanir. Hann hafi þegar haft samband við stefnda með bréfi, dags. 10. janúar 1989, og mótmælt harðlega hvernig vegið væri að höfundarrétti hans. Í fyrsta lagi væri nafns hans sem höfundar ekki getið á verkinu, auk þess sem ekkert samráð hefði verið haft við hann um útgáfu þess, hvað þá að gerður væri við hann útgáfusamningur sem væri forsenda þess að stefndi gæti gefið verkið út.

Stefnandi kveðst eftir þetta hafa boðið stefnda að gera við sig síðbúinn útgáfusamning í samræmi við þær reglur sem tíðkuðust. Þessu hafi stefndi synjað með bréfi, dags. 31. janúar 1989, og borið því við að stefnandi væri alls ekki höfundur að umræddu riti. Þar segi einnig, að umsamið prentsmiðjuhandrit stefnanda hafi reynst ófullnægjandi og að ritnefnd hafi þurft að gera á því breytingar.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að hann sé óumdeilanlega höfundur að ritinu Loftskeytamenn og fjarskiptin, þ.e. þeim hluta þess er lýtur að loftskeytamannatalinu. Sem höfundur þess eigi hann eignarrétt á því og eigi því rétt til að ákveða hvort og hvenær verk hans komi út og til þess að fá ágóða af verkinu. Án hans samþykkis hafi stefnda verið með öllu óheimilt að gera eintök af verki hans og gefa þau út. Brot stefnda hafi haft fjártjón í för með sér fyrir hann, sem stefnda sé skylt að bæta. Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 sé höfundi heimilt að ákveða endurgjald fyrir afnot af hugverki sínu svo framarlega sem ekki hafi verið samið um lægri greiðslur og að kröfufjárhæðin sé ekki bersýnilega ósanngjörn.

Kröfu sína um miskabætur byggir stefnandi á því að stefndi hafi með ólögmati háttsemi raskað rétti hans. Ekki aðeins hafi stefndi brotið gegn eigna- og einkarétti stefnanda, heldur hafi hann einnig ómaklega vegið að sæmdarrétti hans sem höfundar.

Með þessu hafi ákvæði l. nr. 73/1972 um höfundarrétt verið brotin svo og ákvæði Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, sem staðfestur var með l. nr. 80/1972.

Stefnandi vísar til 1., 3. og 4. gr. höfundalaga um eignarrétt höfunda að verkum sínum, einkarétt að hvers konar birtingu á þeim svo og um rétt höfundar til að nafns hans sé getið á verkum hans. Vísað er til 33. gr. s.l. þar sem fjallað er um útgáfusamning við höfund sem skilyrði fyrir útgáfu á verkum hans.

Á þessum ákvæðum höfundalaga byggir stefnandi skaðabótakröfu sína, en fjárhæðin er fengin með því að reikna 10% af útsöluverði útgefna bóka, sem skv. upplýsingum bóksala er kr. 5.500 en upplag ritsins er 1200 eintök. Fjárhæð bótakröfu er samkvæmt þessu kr. 660.000.

Loks byggir stefnandi miskabótakröfu sína, að fjárhæð kr. 300.000, á 1. og 2. mgr. 56. gr. sömu laga, samanber l. nr. 78/1974.

Stefndi heldur því fram að verk stefnanda í sambandi við loftskeytamannatal hafi verið skýrt afmarkað í tilboði hans sem stefndu samþykktu. Það liggja ljóst fyrir að stjórn stefndu hafi safnað upplýsingum frá loftskeytamönnum, en eftir hafi verið að raða þeim upp, afla nokkurra viðbótarupplýsinga og raða þeim saman í prentsmiðjuhandrit.

Hér hafi verið um verksamning að ræða, sem greiða skyldi ákveðið verð fyrir. Miklar vanefndir hafi orðið hjá stefnanda á því að fullnægja samningsskyldum sínum þótt stefndi greiddi honum strax á árinu 1984 fyrir frágang á prentsmiðjuhandriti.

Ljóst sé af þessu, að stefnandi hafi ekki átt að hanna neitt fyrir stefndu í sambandi við loftskeytamannatal, aðeins að vélrita þau gögn, er stjórnin hafði undir höndum, raða efninu upp eins og gert var í Skipstjóratali, en það rit hafi stefndu haft meðferðis til hliðsjónar þegar frumgögn voru afhent stefnanda, og bæta inn í það sem upp á vantaði í æviskránnar. Það hefði átt að vera honum auðvelt sem starfsmanni Sögusteins.

Stefnandi hafi hins vegar hætt hjá Sögusteini og ekki haft samband við stefnda, sem hafi loks náð sambandi við hann haustið 1984, og hafi hann þá ekki verið byrjaður á verkinu. Sumarið 1985 hafi stefndi loks fengið handritið frá stefnanda ófullgert, og stefnandi hafi síðan sagt sig frá verkinu síðla árs 1986.

Stefndi heldur því fram að jafnvel þótt stefnandi hefði í öllu efnt samninginn, hefði hann ekki öðlast né átt neinn höfundarrétt að félagsmannatalinu. Hann hafi tekið að sér ákveðna vinnu fyrir ákveðið verð, og ljóst hafi verið að stefndi skyldi vera eigandi verksins að því loknu.

Ljóst sé að enginn grundvöllur sé fyrir neins konar skaðabótakröfum frá stefnanda á hendur stefnda í þessu sambandi, en skaðabótaréttur allur í þessu efni liggja hjá stefnda á hendur stefnanda, sem hafi hlaupist frá sínum samningsskyldum.

Stefndi mótmælir öllum skaðabótakröfum í málinu sem rakalausum og mótmælir sérstaklega tilvitnunum stefnanda í höfundalög, sem eigi í engu við í þessu máli, þar sem stefnandi sé alls ekki höfundar að loftskeytamannatalinu.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst í meginatriðum um það hvort verk stefnanda samkvæmt áðurgreindum samningi njóti verndar höfundarréttarreglna eða hvort aðeins hafi verið gerður samningur um ákveðið verk sem veiti stefnanda ekki frekari rétt en samningurinn kveður á um.

Þegar samningur aðila var gerður vorið 1984 var stefnanda falið með honum að vinna prentsmiðjuhandrit og samræma þær upplýsingar sem þegar lágu fyrir í frumgögnum stefnda, fella þær inn í ákveðið form og setja ákveðna heildarmynd á ritið. Einnig var ætlast til að stefnandi fyllti inn í eyður þar sem vantaði á upplýsingar um æviatriði loftskeytamanna.

Ætla má að stefndi hefði ekki getað beðið hvern sem var um að taka slíkt verk að sér líkt og aðeins væri um venjulega vélritunarvinnu að ræða. Það virðist hafa verið sérþekking stefnanda í sagnfræði og möguleikar hans á að leita ættfræðilegra upplýsinga, þar sem á vantaði í frumgögnin, sem varð til þess að til hans var leitað.

Rit sambærileg við loftskeytamannatalið verður að telja til þess fallin að njóta verndar höfundarréttarreglna, samanber meginreglur höfundalaga nr. 72/1973, jafnvel þótt enginn sé beinlínis skráður höfundur í þessu tilviki sem hér um ræðir. Með verki sínu vann stefnandi að samræmingu upplýsinga sem fyrir lágu og gaf þeim hluta verksins, er hann vann að, endanlega heildarmynd, sem síðan var fylgt við útgáfu ritsins.

Telja verður að framlag stefnanda til ritsins Loftskeytamenn og fjarskiptin, sé þess eðlis að í skilningi höfundarréttar sé það sjálfstætt, frum-samið verk er uppfylli þau skilyrði að teljast andlag andlegrar sköpunar. Fallast ber því á það með stefnanda að framlag hans til verksins njóti sjálfstæðrar verndar samkvæmt höfundalögum, er hafi samkvæmt 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 skapað stefnanda eignarrétt að þessum hluta verksins. Verður því að álíta að stefnda hafi verið óheimilt að gefa út ritið og selja án þess að gera um það útgáfusamning við stefnanda samkvæmt 3. og 33. gr. s.l.

Í 2. mgr. 5. gr. höfundalaga nr. 73/1972 segir: „Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.“ Af þessu má ráða að það, hvort ákveðið var að nota Skipstjóratalið sem fyrirmynd loftskeytamannatals, skiptir í þessu tilliti ekki máli. Hins vegar ber að líta til þess að stefnandi getur ekki talist einn höfundur að ritinu Loftskeytamenn og fjarskiptin með þeim algera einkarétti, sem 3. gr. höfundalaga veitir, þar sem hann fékk allan efnivið, að þeim hluta, er hann vann að, frá stefnda í málinu. Með hliðsjón af 7. gr. höfundalaga nr. 73/1972 verður að telja að sú undirbúningsvinna og heimildasöfnun í verkið, sem þegar hafði farið fram af hálfu stefnda, ritun þess að hluta og röðun í frumhandrit, njóti á sama hátt verndar höfundalaga og framlag stefnanda í máli þessu. Auk þessa er rúmur helmingur ritsins verk annars aðila. Verður því stefnandi ekki talinn höfundur að nema hluta ritsins.

Í málatalilbúnaði sínum byggir stefndi einvörðungu á þeirri málsástæðu að

samningur aðila máls þessa frá 7. mars 1984 sé verksamningur er skapi verkkaupa eignarrétt að verkinu að verksamningi efdum, og því tengist samningur þessi ekki höfundarrétti á nokkurn hátt.

Telja verður einnig að stefndi hafi ekki sýnt fram á að stefnandi, Steingrímur Steinþórsson, hafi með margnefndum samningi aðila afsalað stefnda höfundarrétti sínum að þeim hluta ritsins er hann hafði unnið að, enn fremur með hliðsjón af 3. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972 verður orðalag samningsins ekki túlkað á þann veg að stefndi hafi átt með honum að eignast óskoraðan eignar- og útgáfurétt að verkinu.

Stefnandi styður skaðabótakröfu sína aðallega þeim rökum að með heimildarlausri útgáfu stefnda á ritinu hafi hann orðið fyrir fjártjóni. Miskabótakrafa stefnanda er byggð á því að stefndi hafi með ólögætum hætti raskað rétti hans og jafnframt vegið að sæmdarrétti hans sem höfundar.

Með framlagi sínu til ritsins Loftskæptamenn og fjarskiptin hefur stefnandi öðlast höfundarrétt að þeim hluta er hann vann að, og ber því að dæma stefnanda skaðabætur, sbr. 1. mgr. 56. gr. l. 73/1972, þar sem stefndu hafa með háttsemi sinni, eins og áður er rakið, brotið með saknæmum hætti gegn höfundarrétti hans.

Með hliðsjón af framlagi stefnanda til ritsins og þeirri greiðslu, er hann hefur þegar mótttekið vegna samnings aðila frá 7. mars 1984, þykja bætur hæfilega metnar kr. 150.000,00.

Miskabætur, sbr. 2. mgr. 56. gr. l. 73/1972, sbr. 7. gr. l. 78/1984, þykja hæfilega metnar kr. 50.000,00.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 100.000,00 í málskostnað.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Félag íslenskra loftskæptamanna, greiði stefnanda, Steingrími Steinþórssyni, kr. 200.000,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Stefndi greiði stefnanda kr. 100.000,00 í málskostnað og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppkvaðningu.